



SAMKEPPNISEFTIRLITIÐ

Fimmtudagur, 16. desember, 2010

Ákvörðun nr. 35/2010

Samkomulag fjármálaráðuneytisins f.h. ríkissjóðs, efnahags- og viðskiptaráðuneytisins, fjármálafyrirtækja og hagsmunasamtaka atvinnulífsins um úrvinnslu skuldamála lítilla og meðalstórra fyrirtækja

I.

Málavextir og málsmeðferð

Á fundi hinn 15. nóvember 2010 kynntu fulltrúar efnahags- og viðskiptaráðuneytisins Samkeppniseftirlitinu fyrirhugað samkomulag um samræmda úrlausn skuldavanda fyrirtækja með sérstakri áherslu á litlum og meðalstórum fyrirtækjum. Samkomulagið byggir á eldra samkomulagi Samtaka fjármálafyrirtækja (SFF) um gerð samræmdra verklagsreglna um aðferðafræði við endurskipulagningu fyrirtækja í samræmi við ákvæði laga nr. 107/2009, um aðgerðir í þágu einstaklinga, heimila og fyrirtækja vegna banka- og gjaldeyrirhrunsins. Á fundinum kom fram ósk um að Samkeppniseftirlitið veitti aðilum samkomulagsins undanþágu frá 10. gr. samkeppnislaga nr. 44/2005 við ólögætu samráði, sbr. 15. gr. sömu laga.

Eldra samkomulagið hlaut undanþágu frá bannákvæðum 10. og 12. gr. samkeppnislaga nr. 44/2005 með ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 23/2010 frá 6. september 2010. Var fjármálafyrirtækjum heimilað tiltekið samstarf innan vébanda SFF um það hvernig taka skuli á skuldavanda fyrirtækja. Það skilyrði var sett fyrir undanþágunni að samstarfinu lyki með gerð verklagsreglnanna og tæki ekki til seinni útfærslu þeirra eða eftirlits með framkvæmd. Samfelld vinna við framkvæmd reglnanna væri því bönnuð. Gildir undanþágan til ársloka 2011.

Samkvæmt því sem fram kom á ofangreindum fundi með fulltrúum efnahags- og viðskiptaráðuneytisins hinn 15. nóvember sl. er það metið svo að samkomulag það sem nú er kynnt sé nauðsynlegt til þess að hraða endurskipulagningu skuldsettra fyrirtækja og flýta þannig fyrir uppbyggingu íslensks atvinnulífs. Hafi fyrrgreindar verklagsreglur SFF ekki haft þau áhrif sem vonir stóðu til.

Samkeppniseftirlitið hefur við vinnslu máls þessa leitað frekari gagna og upplýsinga frá samningsaðilum.

II.

Niðurstaða

Í máli þessu hefur verið óskað eftir undanþágu frá banni 10. gr. samkeppnislaga til þess



að unnt sé að samræma úrlausn skuldavanda minni fyrirtækja í því skyni að efla atvinnurekstur hér á landi. Verður fyrst gerð grein fyrir því samkomulagi sem mál þetta tekur til.

1. Samkomulagið

Samkomulag það sem hér um ræðir byggir á verklagsreglum SFF um úrlausn skuldavanda fyrirtækja sem settar voru í samræmi við ákvæði laga nr. 107/2009, um aðgerðir í þágu einstaklinga, heimila og fyrirtækja vegna banka- og gjaldeyrirhrunsins, og hlaut undanþágu Samkeppniseftirlitsins með ákvörðun 23/2010. Lög nr. 107/2009 lögðu þá skyldu á kröfueigendur að setja sér reglur um skuldbreytingar og breytingar á skilmálum skuldabréfa og lánsamninga sem kunna að leiða til eftirgjafar skulda eða annarra ívilnana til handa skuldurum. Af ummælum í greinargerð með frumvarpi því er varð að lögum nr. 107/2009 er ljóst að kröfuhöfum er ætlað að tryggja samræmi ofangreindra reglna að því marki sem það brýtur ekki í bága við ákvæði samkeppnislaga. Samkomulagið felur í sér viðbót við ofangreindar verklagsreglur. Þá er og ýmsum hagsmunasamtökum úr atvinnulífinu veitt aðild að samkomulaginu í því skyni að auðvelda lausn þessa vanda.

Aðilar samkomulagsins eru fjármálaráðuneytið f.h. ríkissjóðs, efnahags- og viðskiptaráðuneytið, Félag atvinnurekenda, Samtök atvinnulífsins, Samtök fjármálafyrirtækja f.h. aðildarféлага og Dróma hf. og Viðskiptaráð Íslands. Markmið samkomulagsins er að samræma þá aðferðafræði sem beitt er við mat á skuldavanda fyrirtækja og leiðir til úrlausnar þess vanda jafnframt sem flýta á fyrir fjárhagslegri uppbyggingu íslensks atvinnulífs.

Nánar tiltekið felast í samkomulaginu lágmarksviðmiðunarreglur um aðferðir við mat á skuldavanda fyrirtækja og samræmd úrræði þeim til handa. Samkomulaginu er ætlað að taka á vanda lítilla og meðalstórra fyrirtækja, en miðað er við að skuldir geti verið allt að einn milljarður kr. Í samkomulaginu er byggt á því að heildarskuldbreyting fyrirtækja fari ekki fram úr endurmetnu eigna- eða rekstrarvirði þeirra. Gert er ráð fyrir því að heildarskuldbreyting fyrirtækis geti samanstaðið af tveimur þáttum. Annars vegar lánnum sem byggja á getu fyrirtækisins til greiðslu og fyrirgreiðslu sem venjulegt væri að veita fyrirtæki með ásættanlegt eiginfjarhlutfall. Hins vegar biðláni ef eigendur hafa ekki burði til að leggja fyrirtæki til eigið fé. Kveðið er á um hámark slíks biðláns og að það skuli bera lága vexti fyrstu þrjú ár lánstímans, en þar á eftir samsvari vextir eðlilegri afborgun eigin fjár. Jafnframt er kveðið á um tiltekinn rétt eigenda til að borga lánið með aukningu hlutafjár og takmarkanir á ráðstöfunarrétti eigenda á meðan biðlán er til staðar. Þá er gert ráð fyrir að fjárhæðir sjálfskuldarábyrgða eigenda og þriðja aðila fyrir skuldbindingum fyrirtækis verði endurmetnar á grundvelli greiðslugetu og eignastöðu ábyrgðaraðila. Ennfremur er kveðið á um meðferð viðskiptaskulda fyrirtækja og meðferð ágreiningsmála.

Samkomulagið er tímabundið og hefur að geyma tímaramma fyrir endurskipulagninu þeirra fyrirtækja sem fella undir samkomulagið og er stendur til að þeirri vinnu ljúki fyrir 1. maí 2011. Skulu fjármálafyrirtækin hafi lokið flokkun og greiningu skuldbreytinga fyrirtækja fyrir þann tíma og lokið gerð áætlunar um aðgerðir til úrlausnar skuldavanda þeirra. Gert er ráð fyrir mánaðarlegum fundum um framgang áætlunarinnar þar sem fulltrúar fjármálafyrirtækja leggja fram skýrslu um gang mála.



2. Bannákvæði 10. gr. samkeppnislaga

Í 10. gr. samkeppnislaga er lagt bann við samkeppnishamlandi samráði. Í ákvæðinu segir m.a. að allir samningar og samþykktir milli fyrirtækja, hvort heldur þær séu bindandi eða leiðbeinandi, og samstilltar aðgerðir sem hafa það að markmiði eða af þeim leiðir að komið sé í veg fyrir samkeppni, hún sé takmörkuð eða henni sé raskað, séu bannaðir. Bannið tekur m.a. til samráðs um verð, skilmála og önnur viðskiptakjör, skiptingu á mörkuðum og upplýsingaskipta um viðkvæm viðskiptaleg málefni.

Í 1. mgr. 10. gr. samkeppnislaga segir að samningar og samstilltar aðgerðir milli fyrirtækja séu bannaðar þegar þær hafa að markmiði að hafa áhrif á t.d. verð eða skiptingu markaða. Þetta orðalag felur það í sér að ákvæðið telst brotið við það eitt að fyrirtæki hafa með sér einhvers konar samvinnu um skiptingu markaða, án tillits til þess hvort samvinnan hafi haft áhrif á markaðnum. Þannig brýtur það í bága við ákvæðið ef keppinautar t.d. ákveða á fundi að hækka verð sitt. Hvort þessi aðgerð hefur haft þau áhrif í raun að verð hafi hækkað skiptir ekki máli í þessu samhengi, enda geta t.d. ýmsir utanaðkomandi þættir haft áhrif á hvort sú aðgerð takist. Ef samningur felur ekki í sér slíkar augljósar hömlur verður að taka til athugunar hvort slíkar hömlur geti leitt af viðkomandi samningi.

Samningur í skilningi 10. gr. laganna er t.d. fyrir hendi þegar aðilar hans fylgja sameiginlegri áætlun, sem takmarkar eða er líkleg til að takmarka sjálfstæða hegðun þeirra á markaðnum með því að stuðla að sameiginlegum aðgerðum eða athafnaleysi. Samningur í skilningi 10. gr. laganna getur verið í hvaða formi sem er og verður að skýra hugtakið rúmt, sbr. dóm Hæstaréttar frá 30. október 2003 í máli nr. 37/2003. Í 10. gr. samkeppnislaga er gerður greinarmunur á samningi og samstilltum aðgerðum. Tilgangur þessa er að fella undir bann ákvæðisins samráð milli keppinauta, sem ekki hefur náð því stigi að teljast til samnings í skilningi 10. gr., er felur í sér að fyrirtækin vitandi vits hafa með sér samvinnu í stað þess að taka þá áhættu sem felst í því að keppa með sjálfstæðum hætti á markaðnum.¹

Um samstilltar aðgerðir getur verið að ræða þótt keppinautar hafi ekki fallist á eða hegðað sér skv. fyrirfram gerðri áætlun. Við skýringu á því hvað felst í samráði sem fellur undir hugtakið samstilltar aðgerðir verður að líta til þess grundvallaratriðis að í samkeppni í skilningi samkeppnisréttarins felst að hvert fyrirtæki fyrir sig verði að ákveða sjálfstætt hvernig það ætlar að hegða sér á markaði, sbr. úrskurð áfrýjunarnefndar samkeppnismála nr. 3/2004 Ker hf., Olíuverzlun Íslands hf., Skeljungur hf. og Bensínorkan ehf. gegn samkeppnisráði. Þessi krafa um sjálfstæði bannar ekki að fyrirtæki grípi til aðgerða vegna hegðunar eða hugsanlegrar hegðunar keppinauta á markaðnum. Hún bannar hins vegar hvers konar samskipti milli keppinauta sem hafa það markmið eða af þeim leiðir að reynt er að hafa áhrif á hegðun núverandi eða væntanlegs keppinauta á markaðnum eða honum greint frá aðgerðum sem viðkomandi fyrirtæki ætlar að grípa til eða hugleiðir að grípa til á markaðnum. Ganga verður út frá því að fyrirtæki sem starfa á markaði og taka þátt í samstilltum aðgerðum, t.d. viðræðum um hugsanlegar verðbreytingar, hafi hliðsjón af þeim upplýsingum sem koma fram í slíkum viðræðum þegar þau taka ákvarðanir um eigin aðgerðir á markaðnum, nema að viðkomandi

¹ Sjá t.d. dóm dómstóls EB í máli nr. 48/69 *ICI v. Commission* [1972] ECR 619.



fyrirtæki geti sannað annað.² Eins og áður sagði er ekki skilyrði að sýnt sé fram á að þessi hegðun á markaði hafi í raun haft skaðleg áhrif á samkeppni.³

Í 12. gr. samkeppnislaga segir að samtökum fyrirtækja sé óheimilt að ákveða samkeppnishömlur eða hvetja til hindrana sem bannaðar eru samkvæmt lögnum. Í lögskýringagögnum kemur fram að í ákvæðinu „sé hnykkt á því að jafnt samtökum fyrirtækja sem fyrirtækjunum sjálfum er óheimilt að standa að eða hvetja til hindrana sem brjóta í bága við bannákvæði þessara laga ...“. Ljóst er samkvæmt þessu að brot á 12. gr. felur í sér sjálfstætt brot á samkeppnislögum enda þótt efnisinntak ákvæðisins komi að nokkru leyti fram í öðrum ákvæðum samkeppnislaga, s.s. 10. gr.

Tekur bann 10. gr. jafnframt til samtaka fyrirtækja en í 12. gr. samkeppnislaga kemur fram að samtökum fyrirtækja sé óheimilt að ákveða samkeppnishömlur eða hvetja til hindrana sem bannaðar séu samkvæmt lögnum.

Fyrir liggur í máli þessu að aðilar ofangreinds samkomulags hafa hug á að samræma aðferðir við mat á skuldavanda fyrirtækja og úrræði við þeim vanda. Er í samkomulaginu fjallað um hámark heildarskuldsetningar fyrirtækja að teknu tilliti til endurmats þeirra og gert ráð fyrir tveimur leiðum til þess að aðstoða þessi fyrirtæki til að vinna á skuldavanda sínum. Annars vegar með svokölluðum biðlánnum með tilteknu hámarkspaki og vaxtaviðmiði og hins vegar með lánum sem byggja á greiðslugetu og fyrirgreiðslu sem venjulegt væri að veita fyrirtæki með ásættanlegt eiginfjarhlutfall. Ennfremur er kveðið á um meðferð viðskiptaskulda fyrirtækja og meðferð ágreiningsmála. Áætlað er að aðilar samkomulagsins hittist mánaðarlega til að ræða framgang þeirra atriða sem falla undir samkomulagið.

Aðilar samkomulagsins eru m.a. viðskiptabankar sem eru keppinautar á viðkomandi markaði. Þá tekur samkomulagið til viðskiptakjara sem falla undir 10. og 12. gr. samkeppnislaga.

Af framangreindu er ljóst að samkomulag þetta fellur undir ákvæði 10. gr. samkeppnislaga, sbr. 12. gr. samkeppnislaga sem tekur til samtaka fyrirtækja. Kemur því til skoðunar hvort ákvæði 15. gr. samkeppnislaga eigi við í málinu.

3. Undanþáguheimild 15. gr. samkeppnislaga

Á grundvelli 15. gr. samkeppnislaga getur Samkeppniseftirlitið veitt undanþágu frá ákvæðum 10. og 12. gr. Skilyrði slíkrar undanþágu eru að samningar, samþykktir, samstilltar aðgerðir eða ákvarðanir skv. 10. og 12. gr.;

- a. stuðli að bættri framleiðslu eða dreifingu á vöru eða þjónustu eða eflni tæknilegar og efnahagslegar framfarir,
- b. veiti neytendum sanngjarna hlutdeild í ávinningi sem af þeim hlýst,
- c. leggi ekki höft á hlutaðeigandi fyrirtæki sem óþörf eru til að settum markmiðum verði náð og

² Sjá t.d. dóm dómstóls EB í máli nr. C-49/92 P *Commission v Anic Partecipazioni* [1999] ECR I-4125.

³ Sjá t.d. dóm dómstól EB í máli nr. C-199/92P *Hüls AG v. Commission* [1999] 5 C.M.L.R. 1016.



d. veiti fyrirtækjum ekki færi á að koma í veg fyrir samkeppni að því er varðar verulegan hluta framleiðsluvaranna eða þjónustunnar sem um er að ræða.

Unnt er að setja skilyrði fyrir undanþágu.

Uppfylla verður öll skilyrði 15. gr. samkeppnislaga þannig að til álita komi að veita undanþágu frá bannákvæðum 10. gr. laganna. Að meginstefnu verður undanþága því aðeins veitt að hún geti betur stuðlað að tilgangi og markmiði laganna, sbr. 1. gr. Með hliðsjón af mikilvægi samkeppnislaga sem ætlað er að vernda og efla samkeppni og stuðla með því að aukinni framleiðni og hagræðingu og efnahagslegum vexti er ljóst að setja verður ströng skilyrði fyrir því að veita undanþágur frá mikilvægustu reglum 10. gr. laganna. Að öðrum kosti gætu samkeppnishömlur sem felast t.d. í verðsamráði valdið neytendum og þjóðfélaginu í heild miklum skaða. Í framkvæmd þurfa fyrirtæki þannig með óyggjandi hætti að sýna fram á að undanþága þeim til handa sé í samræmi við undanþáguskilyrðin. Almenn lögskýringarsjónarmið leiða til þess að túlka beri þröngt ákvæði um heimildir til að veita undanþágu frá bannákvæðum í lögum.

Í ákvörðun nr. 23/2010 var ítarlega fjallað um hvernig verklagsreglur SFF mættu skilyrðum 15. gr. samkeppnislaga. Vísað er hér til þeirrar umfjöllunar. Til grundvallar mati Samkeppniseftirlitsins liggur enn fremur að fyrir liggur að fjárhagslegri endurskipulagningu fyrirtækja hefur miðað hægt. Samkvæmt skýrslu eftirlitsnefndar um sértæka skuldaaðlögun⁴ höfðu bankar þann 30. júní sl. samþykkt fjárhagslega endurskipulagningu 51 fyrirtækis á grundvelli laga um sértæka skuldaaðlögun heimila og fyrirtækja, sbr. og áður greinda undanþágu Samkeppniseftirlitsins nr. 23/2010. Þá hafa bankarnir tilkynnt Samkeppniseftirlitinu um yfirtöku um 20 fyrirtækja frá hruni.

Í umræðuskjali Samkeppniseftirlitsins nr. 2/2009, *Bankar og endurskipulagning fyrirtækja – Stefnumörkun*, sem gefið var út í desember 2009, er sérstaklega bent á að hagfræðileg rök og reynsla annarra þjóða sýni að nauðsynlegt sé að bregðast hratt við skuldavanda rekstrarhæfra fyrirtækja. Það sé því neytendum og atvinnulífinu til hagsbóta að bankar afskrifi eða minnki skuldir rekstrarhæfra fyrirtækja.⁵

Með vísan til framangreinds er það mat Samkeppniseftirlitsins að a og b-liður 1. mgr. 15. gr. samkeppnislaga sé uppfylltur. Á hinn bóginn lítur Samkeppniseftirlitið svo á að samstarf af þeim toga sem samkomulagið kveður á um og grundvallast á geti, einkum til lengri tíma, gefið keppinautum á fjármálamarkaði færi á að samræma verð, viðskiptakjör og vöruframboð til skaða fyrir viðskiptavinum og neytendum, sbr. c og d-lið 1. mgr. 15. gr. samkeppnislaga. Samkomulagið kunnir þannig að leiða af sér samræmingu sem haft geti skaðleg áhrif á þjónustu við aðra viðskiptavinum, auk þess sem með samkomulaginu sé skapaður samráðsvettvangur sem hægt sé að misnota. Til þess að koma í veg fyrir þetta telur Samkeppniseftirlitið óhjákvæmilegt að setja samstarfinu eftirfarandi skilyrði:

- Að fjármálafyrirtæki sé þrátt fyrir samkomulagið heimilt að veita viðskiptavinum sínum betri kjör og taka upp viðmið sem eru þeim hagfelldari. Undanþágan er

⁴ Skýrsla eftirlitsnefndar til efnahags- og viðskiptaráðherra, samkvæmt lögum nr. 107/2009 um aðgerðir í þágu einstaklinga, heimila og fyrirtækja vegna banka- og gjaldeyrishrunsins, september 2010.

⁵ Í umræðuskjalinu er m.a. dreginn lærdómur af efnahagskreppum í Japan og Suður-Kóreu í lok síðustu aldar. Komist var að þeirri niðurstöðu að reynsla Japans væri víti til varnaðar, en þar var ekki tekið á skuldavanda rekstrarhæfra fyrirtækja og óhagkvæmum fyrirtækjum veitt aðstoð og þannig haldið gangandi. Umræðuskjal nr. 2/2009, desember 2009.



byggð á þeirri forsendu að hverju og einu fjármálafyrirtæki sé heimilt að setja sér sínar eigin reglur og taka upp viðmið, sem m.a. séu viðskiptavinum hagfelldari.

- Skýrt er kveðið á um að undanþágan veitir ekki rétt til nánari samræmingar á verði og viðskiptakjörum en kveðið er á um í samkomulaginu. Slíkar breytingar á samkomulaginu þarf að bera undir Samkeppniseftirlitið fyrirfram.
- Settar eru skýrar reglur um samstarf á grundvelli samkomulagsins. Þannig á fulltrúi stjórnvalda að vera viðstaddur samstarfsfundi sem skulu bókaðir. Gögnum skal jafnframt haldið til haga. Jafnframt er nauðsynlegt að hvert fjármálafyrirtæki fyrir sig grípi til ráðstafana til að stuðla að því að samkeppnislegur skaði stafi ekki af því samstarfi sem leiðir af samkomulaginu. Geta slíkar ráðstafanir t.d. falist í því að viðkomandi starfsmenn undirriti skýrar yfirlýsingar þar sem þeir heita því að virða ákvörðun þessa og bann við samkeppnishamlandi samráði. Einnig geta slíkar ráðstafanir falist í því að þeim eftirlitsaðilum sem starfa innan fjármálafyrirtækjanna sé ætlað að gæta að þessu.
- Undanþágan er tímabundin og skal við lok hennar gera grein fyrir framkvæmd samstarfsins og hvernig tryggt sé að samstarfinu ljúki.
- Undanþágan veitir einungis fjármálafyrirtækjum rétt til samstarfs sem ella færi gegn 10. gr. samkeppnislaga. Öðrum aðilum samkomulagsins, s.s. Samtökum atvinnulífsins, er ekki veitt undanþága til samstarfs á sínum vettvangi.

III.

Ákvörðunarorð:

„Með heimild í 15 . gr. samkeppnislaga nr. 44/2005 veitir Samkeppniseftirlitið fjármálaráðuneytinu f.h. ríkissjóðs, efnahags- og viðskiptaráðuneytinu, Félagi atvinnurekenda, Samtökum atvinnulífsins, Samtökum fjármálafyrirtækja f.h. aðildarfélagi og Dróma hf. og Viðskiptaráði Íslands heimild til þess að gera og framkvæma samkomulag um aðferðafræði við mat á skuldavanda fyrirtækja og endurskipulagningu þeirra. Tekur heimild þessi til þeirra reglna sem ofangreindir aðilar rituðu undir hinn 15. desember 2010 og kynntar hafa verið undir heitinu: „Samkomulag um úrvinnslu skuldamála lítilla og meðalstórra fyrirtækja“.:

Sett eru eftirfarandi skilyrði fyrir undanþágunni:

1. gr.

Í samkomulaginu felast lágmarksviðmiðunarreglur og er fjármálafyrirtæki því heimilt að veita viðskiptavinum sínum betri kjör en samkomulagið gerir ráð fyrir.

Í undanþágu þessari felst ekki heimild til nánara samráðs um verð og viðskiptakjör en kveðið er á um í samkomulaginu.

2. gr.

Fjármálafyrirtækjunum sem aðild eiga að samkomulagi þessu er einungis heimilt að eiga með sér samstarf eða fundi á grundvelli samkomulagsins að viðstöddum fulltrúa efnahags- og viðskiptaráðuneytisins. Skal fulltrúi ráðuneytisins hafa aðgang að öllum gögnum sem verða til vegna samstarfsins.



Halda skal fundargerðir um fundi sem haldnir eru vegna samkomulagsins. Þá skal haldið til haga yfirliti yfir öll gögn sem lögð eru fram á fundum eða verða til vegna framkvæmdar á samkomulaginu.

Undanþága þessi heimilar ekki samfellda samvinnu við framkvæmd reglnanna umfram þá framkvæmd sem lýst er í ákvörðun þessari.

3. gr.

Fjármálafyrirtæki sem aðild eiga að samkomulaginu skulu grípa til ráðstafana í því skyni að tryggja að fulltrúar þeirra sem taka þátt í samstarfinu fari að skilyrðum þeim sem fram koma í þessari ákvörðun, sbr. einnig 10. gr. samkeppnislaga.

Hvert fjármálafyrirtæki fyrir sig skal upplýsa Samkeppniseftirlitið innan fjögurra vikna frá dagsetningu þessarar ákvörðunar um þær ráðstafanir sem gripið hefur verið til.

4. gr.

Undanþága þessi gildir til ársloka 2011. Skulu aðilar samstarfsins láta samstundis af samvinnunni þegar undanþágan rennur út. Við lok frestsins skal skila Samkeppniseftirlitinu greinargerð um framkvæmd samkomulagsins og hvernig því er lokið gagnvart fyrirtækjum sem undanþága þessi lýtur að.

5. gr.

Undanþága þessi veitir ekki öðrum aðilum samkomulagsins en fjármálafyrirtækjum rétt til samstarfs sem fer gegn 10. gr. samkeppnislaga.

6. gr.

Komi til þess að gera þurfi frekari breytingar á reglunum skal það borið fyrirfram undir Samkeppniseftirlitið.

7. gr.

Brot á þessum skilyrðum varðar viðurlögum skv. samkeppnislögum."

Samkeppniseftirlitið

Páll Gunnar Pálsson